

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
6. fundur 2024 (128. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 19.08.2024 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Jón B. Guðnason	"
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Valgerður B. Eggertsdóttir	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

1. Umsókn Isavia um framkvæmdaleyfi vegna landmótunar. Endurnýjun

Gögn hafa ekki borist frá Isavia varðandi mál þetta. Skipulagsnefndin ítrekar að ljúka þarf málinu fyrir veturinn.

Frestað.

2. Vestursvæði Keflavíkurflugvallar, deiliskipulagsbreyting. Innsendar athugasemdir við auglýstri tillögu

Auglýst hefur verið tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vestursvæðis Keflavíkurflugvallar. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

- Suðurnesjabær
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- Landhelgisgæsla Íslands
- Brunavarnir Suðurnesja
- Kadeco
- HS Veitur
- Jóhannes Árnason
- Brynjar H. Harðarson

Lögð var fram tillaga skipulagsfulltrúa að viðbrögðum við innkomnum athugasemdum eftir því sem við á, dags. 16.08.2024.

Skipulagsnefndi samþykkti tillögu skipulagsfulltrúa og samþykkti deiliskipulagið með áorðnum breytingum.

3. Austursvæði Keflavíkurflugvallar, Háaleitishlað. Lagfærður uppdráttur lagður fram og viðbrögð Skipulagsstofnunar kynnt

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 17.07.2024, þar sem stofnunin heimilar auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar á 400 m² lóð við Pétursvöll þegar brugðist hafi verið við tilteknum atriðum. M.a. þarf að tiltaka að stærð tækjahúss verði 30 m² en ekki 60 m² eins og bókað var í síðustu fundargerð skipulagsnefndarinnar.

4. Reykjanesbraut aðalskipulagsbreyting. Samþykkt Skipulagsstofnunar lögð fram

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 16.07.2024, þar sem staðfest er breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar vegna legu Reykjanesbrautar við Flugstöð.

5. Framkvæmdaleyfi vegna nýrrar settjarnar og olíuskilju við Háaleitishlað

Útgefið framkvæmdaleyfi skipulagsfulltrúa lagt fram.

6. Framlenging á framkvæmdaleyfi vegna SFA-16

Útgefið framkvæmdaleyfi skipulagsfulltrúa lagt fram.

7. Vindgreining fyrir fyrirhugað Demantssvæði

Lögð var fram skýrsla verkfræðistofunnar Eflu, dags. 04.07.2024, um frumgreiningu á mögulegum áhrifum fyrirhugaðra mannvirkja á Demantssvæði á vindafar og flugumferð við flugbrautir 01/19 og 10/28 á Keflavíkurflugvelli.

8. Reykjanesbraut, Hafnavegur – Garðskagavegur. Mat á umhverfisáhrifum.

Kynning á matsáætlun

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreinda matsáætlun. Engar athugasemdir.

9. Bolafótur M11. Aðalskipulagsbreyting. Kynning tillögu á vinnslustigi

Reykjanesbær óskar eftir umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi á ofangreindu svæði.

Vísað er til fyrri umsagnar skipulagsnefndarinnar um mál þetta. Engar frekari athugasemdir.

Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi við afgreiðslu máls þessa.

10. Helguvík, iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði. Aðalskipulagsbreyting

Lögð var fram skipulags- og matslýsing vegna breytingar á aðal- og deiliskipulagi Reykjanesbæjar í Helguvík, dags. 12.06.2024. Viðfangsefni breytingarinnar eru að

- Koma fyrir starfsemi inn- og útflutnings
- Koma fyrir geymslu skipaeldsneytis
- Endurskilgreina mörk milli hafnar- og iðnaðarsvæða

Skipulagsnefndin gerir engar athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna.

Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi við afgreiðslu máls þessa.

11. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 16. september 2024.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>